

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/6/EB

2008/EES/35/01

frá 26. janúar 2005

um breytingu á tilskipun 71/250/EBE að því er varðar skýrslugjöf og túlkun niðurstaðna greininga sem krafist er samkvæmt tilskipun 2002/32/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/373/EBE frá 20. júlí 1970 um að taka upp í Bandalaginu aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fæðri ⁽¹⁾, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 71/250/EBE frá 15. júní 1971 um að ákvarða greiningaraðferðir Bandalagsins vegna opinbers eftirlits með fæðri ⁽²⁾ er að finna ákvæði varðandi framsetningu niðurstaðna.
- 2) Til að tryggja samræmda framkvæmd á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fæðri ⁽³⁾ í öllum aðildarríkjum er afar mikilvægt að gæta samræmis í tilkynningu og túlkun á niðurstöðum greiningar.
- 3) Breyta ber tilskipun 71/250/EBE til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 71/250/EBE:

1. Í 1. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir annarri málsgrein:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 33. Hinnar var getið í ákvæðum sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 108/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66, 22.12.2005, bls. 1.

(1) Stjtið. EB L 170, 3.8.1970, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

(2) Stjtið. EB L 155, 12.7.1971, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/27/EB (Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 36).

(3) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 33).

„Að því er varðar óæskileg efni í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (*), þ.m.t. díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxíni, gildir 3. liður C-liðar í 1. hluta viðaukans við þessa tilskipun.

(*) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.“

2. Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Í C-lið (beiting greiningaraðferða og framsetning niðurstaðna) í 1. hluta (almenn ákvæði um greiningaraðferðir fyrir fóður) í viðaukanum við tilskipun 71/250/EBE er eftirfarandi 3. lið bætt við:

„3. Að því er varðar óæskileg efni í skilningi tilskipunar 2002/32/EB, þ.m.t. díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxíni, skal litið svo á að afurð, sem er ætluð í fóður, sé ekki í samræmi við fastsett hámarksinnihald ef niðurstöður greiningarinnar teljast vera yfir hámarksinnihaldinu, að teknu tilliti til útvíkkaðrar mælióvissu og leiðréttingar fyrir endurheimt. Greindur styrkur, sem er leiðréttur fyrir endurheimt, er notaður til að meta samræmi við hámarksinnihald þegar útvíkkuð mælióvissa hefur verið dregin frá niðurstöðum greiningarinnar. Þessi aðferð á einungis við um tilvik þar sem greiningaraðferðin gerir kleift að meta mælióvissu og leiðréttingu fyrir endurheimt (t.d. ekki mögulegt þegar um smásjárgreiningu er að ræða)

Skýra skal frá niðurstöðum greiningarinnar á eftirfarandi hátt (að svo miklu leyti sem greiningaraðferðin gerir kleift að meta mælióvissuna og endurheimtarhlutfallið):

- a) leiðrétt eða óleiðrétt fyrir endurheimt og skal tilgreina þá aðferð, sem er notuð til að greina frá niðurstöðum, og hlutfall endurheimtar,
 - b) sem „x +/- U“, þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan með þekjustuðulinn 2 sem gefur 95% öryggisstig.“
-